

Góðan dag

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar, þar sem nýr vegaskattur sem þessi mun gera það dýrar fyrir mig að komast til og frá vinnu, auk þess að færa skattekjur ríkis frá suðvesturhorni landsins til fjármögnunar á vegum í dreifbýli, m.a. vegna fiskflutninga á Vestfjörðum. Það á að tryggja að þungaflutningar greiði meira fyrir notkun á vegum landsins.

Svo á að drífa í að koma á brottfarargjaldi fyrir erlenda ferðamenn sem eyrnamerkja þarf vegaúrbótum og viðhaldi vega frá flugstöð KEF að vinsælustu náttúruperlum á Suðurlandi. Brottfarargjald þyrfti einnig að nýta við uppbyggingu og úrbætur á bílastæðum og göngustígum við náttúruperlurnar. Þá er nauðsynlegt að auka fjármagn til umferðarlögreglu og öryggismála þar sem ferðamenn fara mest um.

Undirritað:

Albert Svan Sigurðsson, Reykjanesbæ.